

Fimmti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis árið 2013 var haldinn mánudaginn 26. ágúst 2013 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.

Fundinn sátu: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Magnús Dalberg, Leifur Guðjónsson, Haraldur Eyvinds Þrastarson, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi á svið matvæla

- a. Áki Bjarnason fh. Holtagarða ehf sækir um sækir um starfsleyfi fyrir rekstri Eldbökunar ehf. að Urðarholti 2, í Mosfellsbæ. Um er að ræða veitingahúss þar sem einnig eru framleiddar pizzur fyrir frystingu sem dreift er af starfsleyfishafa í veitingahús.

„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á.“

Starfsleyfi á sviði mengunarvarna.

- b. Dóra Pétursdóttir sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Efnalaug Mosfellsbæjar ehf. að Háholti 14, Mosfellsbæ.

„Samþykkt til tólf ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000.“

- c. Sigurður Hansen sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Blikksmiðjuna Borg að Flugumýri 8, Mosfellsbæ.

„Samþykkt til tólf ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000.“

- d. Jónas B. Árnason sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Afltak ehf. Völuteigi 1, Mosfellsbæ.

„Samþykkt til tólf ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000.“

- e. Sigurður R. Ólafsson sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Smíðastofu Sigurðar að Völuteigi 5, Mosfellsbæ.

„Samþykkt til tólf ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000.“

- f. Kristján Kristjánsson sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Hópfurðabíla Jónatans.

„Samþykkt til tólf ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000.“

- g. Girðir ehf sækir um starfsleyfi fyrir steypistöð og verkstæði að Kreppu við Reykjaland.

„Samþykkt til tólf ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000 og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur.“

- h. Andri Gunnarsson sækir um starfsleyfi fyrir verkstæði fh. Landsvirkjunar að Völuteig 4, Mosfellsbæ.

„Samþykkt til tólf ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- i. Kraftungar ehf. sækja um starfsleyfi fyrir vatnsból að Felli í Kjós. Starfsleyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu þann 5. júlí 2013.
„Staðfest.“

Tímabundin starfsleyfi

- j. Daði Þór Einarsson fh. Mosfellsbæjar sækir um starfsleyfi fyrir flugeldasýningu þann 31. ágúst 2013. Starfsleyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu þann 14. ágúst 2013.
„Staðfest.“

2. Efnasamsetning neysluvatns í Mosfellsbæ

Lögð var fram skýrsla ÍSOR um efnasamsetningu neysluvatns í Guddulaug og Laxnesdýjum dagsett 4. júní 2013. Skýrslan var unnin fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

3. Bréf umhverfisnefndar Mosfellsbæjar dagsett 20. júní 2013.

Í samræmi við lögfræðiálit LEX leggur umhverfisnefnd til að heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis fullmóti og afgreiði reglur um hæsnahald í Mosfellsbæ.
„Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.“

4. Bréf umhverfisstofnunar dagsett 29. júlí 2013.

Í bréfinu er kynnt starfsleyfi Kratusar efh á Grundartanga fyrir vinnslu áls úr álgjalli. Boðað er til almenns kynningarfundar um tillöguna í Fannahlíð Hvalfjarðarsveit þann 4. september 2013 kl 17.

5. Starfsemi Mótomos á Tungumelum í Mosfellsbæ

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dagsett 4. júlí 2013 til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í bréfinu er kvörtun frá húseiganda á Kjalarnesi vegna hávaða og rykmengunar frá Motomos vísað aftur til Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis

Lagt fram minnisblað heilbrigðiseftirlits dagsett 26. júní 2013 um starfsemi Mótomos.

Greint var frá fundi og vettvangsskoðun sem for fram þann 26. júní 2013 með bæjarstjóra Mosfellsbæjar, skipulagsfulltrúa og formenni heilbrigðisnefndar ásamt framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits.

„Mótomos er starfandi án starfsleyfis, starfsemin samræmist ekki gildandi aðalskipulagi, ekki er búið að deiliskipuleggja svæðið og fyrir liggur að fara þarf í vinnu við mat á umhverfisáhrifum áætlana og vegna umhverfismats. Tímaáætlun aðgerðaráætlunar hefur ekki staðist.

Heilbrigðisnefnd leggur til að Mosfellsbær láti framkvæma hljóðmælingar til að kanna hljóðvist eins og fram kemur í aðgerðaráætlun Mosfellsbæjar dagsett 16. janúar 2009.

Óskað er eftir viðbrögðum fyrir 1. október 2013.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

6. Heildarendurskoðun á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Lagt fram bréf SSH dagsett 27. maí 2013. Óskað umsagnar heilbrigðisnefndar á áhersluatriðum sem stýrihópur hefur sett fram.

Málið var kynnt á síðasta fundi.

„Framkvæmdastjóra falið að gera umsögn í samræmi við umræður á fundinum.“

7. Fráveitumál.

Lögð fram stöðuskýrsla umhverfisstofnunar um fráveitumál. Málið var á dagskrá að beiðni Magnúsar Dalberg.

„Heilbrigðisnefnd óskar eftir að heilbrigðisfulltrúi taki saman upplýsingar um stöðu fráveitumála í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi.“

8. Skýrsla Matvælastofnunar, Innri úttektir – Úttektarkerfi á opinberu eftirliti með framleiðslu matvæla. Tillaga 24. júlí 2013.

Skýrslan var lögð fram.

9. Önnur mál.

Fundargerð 99. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 5. júní 2013 var lögð fram.

Fundi slitið kl. 18:10.